1

UPPLÝSINGAR OG TILMÆLI VARÐANDI NOTKUN GRASFLATA

LENDINGAR OG FLUGTÖK Á GRASFLÖTUM

upplýsingar og tilmæli

Hér á landi eru nokkuð margir flugvellir með grasbrautum og stór hluti íslenskra flugmanna hafa framkvæmt flugtök og lendingar á slíkum brautum m.a. í tengslum við flugnám. Það er margt sem þarf að undirbúa og hafa í huga við notkun slíkra flugvalla svo fyrirbyggja megi óhöpp og slys. Að gefnu tilefni vill Samgöngustofa koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum og tilmælum varðandi notkun grasbrauta.



Helstu atriði:

UNDIRBÚNINGUR FYRIR FLUG:

Mikilvægt er að leita upplýsinga um flugvöllinn áður er lagt er af stað. Almennar upplýsingar eru aðgengilegar í flugmálahandbókinni, en einnig er gott að ræða við kollega sem þekkja til staðhátta en einnig getur verið mögulegt að ræða við fólk sem hefur aðsetur í nágrenni flugvallar.

Ef vafi leikur á að aðstæður séu fullnægjandi og ef flugvöllurinn er ekki of langt frá brottfararstað, þá getur verið skynsamlegt að skoða aðstæður með því að aka á staðinn.

HALLI FLUGBRAUTAR:

Séu engar upplýsingar fyrirliggjandi um afkastagetu flugvélar í tengslum við halla flugbrauta, þá leggur Samgöngustofa til að lágmarksflugtaksvegalengd sé aukin um 5% fyrir hvert 1% halla upp á við. Ekki er mælt með að flugmenn starfræki flugvélar á flugbrautum með meiri halla en 2%.

LENDINGAR:

Hvort sem lent er á langri malbikaðri braut eða grasbraut, þá eru grundvallaratriðin þau sömu. Góður undirbúningur fyrir lendingu er lykilatriði til þess að tryggja örugga lendingu, en þó þarf að hafa í huga nokkur atriði í tengslum við lendingu á grasbrautum og mjúkum brautum:

1. Flugmenn eiga að kynna sér vel handbækur flugvéla en í flestum tilfellum innihalda þær leiðbeiningar um lendingar á grasbrautum og mjúkum brautum. Oft er lagt til að aðflugið sé framkvæmt á lágum hraða og að flugmenn haldi nefhjóli uppi eins lengi og mögulegt er til þess hlífa skrúfu og að koma í veg fyrir að nefhjól sígi niður í jörðina.
2. Flestar handbækur gera ráð fyrir að aðflugið sé framkvæmt með full vængbörð og að lending sé gerð á litlu eða engu afli. Það borgar sig að lenda á aðalhjólum og halda nefhjóli uppi eins lengi og mögulegt er. Slaka þarf nefhjólinu rólega niður og varast skal að beita bremsum af afli því ef það er gert getur nefhjólið sígið niður í jarðveginn og skapað mikla hættu.

Framhald á bakhlið.

LENDINGAR OG FLUGTÖK Á GRASFLÖTUM

upplýsingar og tilmæli

Framhald af forsíðu:

3. Stélhjólsvélar henta að mörgu leyti betur en nefhjólsvélar á grasbrautum. Engin hætta er á að nefhjól sökkvi í jarðveginn en aðrar hættur eru þó til staðar. Notkun hliðarstýra í lendingu er mjög mikilvæg. Fara þarf sérstaklega varlega í notkun hemla til að tryggja að framendi flugvélarinnar sígi ekki fram og skrúfa rekist í jörðu eða flugvélin fari jafnvel á hvolf. Eftir lendingu þarf að hafa í huga að nauðsynlegt er að halda hæðarstýri aftur, fylgjast þarf með hindrunum og tryggja að vélin stöðvist ekki að fullu fyrr en akstri er lokið.
4. Séu engar upplýsingar um nauðsynlegar lendingarvegalengdir í handbókum flugvéla leggur Samgöngustofa til að lágmarks lendingarvegalengd sé margfölduð með stuðlinum 1.15 á þurrum grasbrautum og hafa skal í huga að á blautum grasbrautum með föstu yfirborði getur lendingarvegalengd aukist um allt að 60%.

FLUGTÖK:

Fyrir flugtak þarf að tryggja að yfirborð flugbrautarinnar sé laust við grjót og hluti sem geta skemmt skrúfu við uppkeyrslu. Halda skal hæðarstýri alveg aftur til þess að létta á nefhjóli. Á stélhjólsvélum þarf að lyfta stéli upp eins fljótt og mögulegt er til þess að draga úr mótstöðu á stélhjólið. Hafið í huga að flugtaksbrun er almennt mun lengra á blautum grasbrautum en þurrum. Sömu aðferðir eiga við í tengslum við flugtök og við lendingar.

Yfirborð grasbrauta getur verið mjög mismunandi og er breytilegt eftir árstíðum. Eðli málsins samkvæmt eru grasbrautir lítið sem ekkert notaðar yfir vetrartímann vegna snjóa o.þ.h. Séu engar upplýsingar um flugtaks- og lendingarvegalengdir á grasbrautum í handbókum flugvéla leggur Samgöngustofa til að miðað sé við eftirfarandi töflu við útreikning á vegalengdum:

YFIRBORÐ:	ÁSTAND:	STUÐULL:
Gras (fast yfirborð) allt að 20cm langt	Þurrt	1.2
	Blautt	1.3
Malbik	Blautt	1.0

- Við flugtök þarf að hafa í huga hröðun í flugtaki og gera má ráð fyrir að nauðsynleg vegalengd sé enn meiri vegna þessa.
- Sé grasflötur blautur og yfirborð hart getur flöturinn orðið mjög háll. Slíkar aðstæður geta aukið flugtaksvegalengd verulega og hemlunarvegalengd ef hætt er við flugtak.